

Mef. 14 nov. 1945.

Nauðsyn málvöndunar

ÞAÐ LÁ við að mjer offbyði um daginn, þegar jeg sá þess getið, hversu hinir sjálfstæðu Íslendingar hefðu orðið hrifnir af því að fá aftur dönsk blöð og bækur. Hversvegna mjer ofbauð, verður ljóst, þegar jeg segi, að í einhverju blaði sá jeg, skömmu síðar, talað um „útmáttuð börn“. Það mun nú raunar mega líta á sem hámark. En óhætt er að segja, að of margir Íslendingar meta ekki sitt eigið mál að verðleikum, og gleyma því of mjög, að meðal forseðra vorra hafa verið sumir heimsmeistarar ritlistarinnar. Lakara mál þýðir lakari hugsun og minni hæfileika til að meta sannleikann eins og rjett er. En það er nokkuð til í því, að til lítilsvirðingar á sannleikanum sje að rekja öll manna anna mein.

Stundum er svo rangt ritað, að höfundurinn segir alt annað en hann hefir auðsjáanlega ætl að sjer. Einhversstaðar sá jeg t. d. þetta í frjettum frá Þýskalandi: „Þetta flóttafólk hefir leitað sjer hælis á hernámssvæði Rússa, þar sem Bretar og Bandaríkjameinir hafa stöðvað allan flóttamannastraum inn á hernámssvæði þeirra“. Þarna á auðsjáanlega að vera: inn á hernámssvæði sitt; því að hitt þýðir, að Bretar og Bandaríkjameinir hafi stöðvað flóttamannastraum inn á hernámssvæði Rússa.

Helgi Pjeturss.